

RÉTTINDI FLÓTTAFÓLKS



Horfðu á myndbandið hérna: [Hlekkur](#)

Markmið: Það er hægt að nota þessar spurningar til að hefja umræður í bekknum og til að meta hvort að nemendur hafi náð tókum á grundvallarhugtökum um flóttafólk, umsækjendur um alþjóðlega vernd og

Þú getur skipt nemendum í tvo hópa þar sem annar er „með“ og hinn er „á móti“.

Spurningarnar geta einnig nýst nemendum til þess að ræða og rannsaka niðurstöðurnar í hópum og þeir geta síðan skrifað ritgerðir um skoðanir sínar og rannsóknir.

Aldurshópur: Þessi kennslustund hentar nemendum sem eru 15 ára og eldri og hægt er að nýta hana til að kenna viðfangsefnið í þeirri námsgrein sem við á.

1: Lesið eftirfarandi [grein frá árinu 2016](#) og berið saman mismunandi ákvæði fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk í mismunandi löndum:

Hvaða ríki af þeim sem hafa fullgilt Flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna uppfylla kröfur samningsins? Af hverju heldurðu það? Af hverju ekki? Önnur nálgun er að velja eitt land og rökræða hvort að það uppfylli kröfur samningsins eða ekki.

2: Á hlekknum hér fyrir neðan er að finna eintak af [Flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1951](#). Skoðaðu lið C á bls. 11; 17. grein; 20. – 23. grein; og 24. grein.

Hver finnst þér vera mikilvægustu réttindin af þeim sem eru talin upp í samningnum og hvers vegna?

3: Hvernig kerfi myndir þú hana til þess að tryggja að öll réttindi flóttafólks séu uppfyllt?

4: Farðu á hlekkina hér fyrir neðan á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna.

Hlekkur: <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/heildartexti-barnasattmalans>

Hlekkur: <https://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar-og-yfirlýsingar/sameinu-udu-thjodirnar/samningur-um-rettarstodu-flottamanna>

Hvaða aukaákvæði ættu að vera til staðar fyrir börn sem eru flóttafólk eða sækjast eftir stöðu flóttafólks miðað við Barnasáttmálann? Hvernig bæta samingarnir hvor annan upp? Finnst þér að börn eigi að hafa sérstöðu? Hvers vegna?